

Skjalastefna Viðlagatryggingar Íslands

Tilgangur

Tilgangur skjalastefnu VTÍ er að tryggja kerfisbundna stjórnun skjala VTÍ frá því að skjöl verða til og þar til þeim er eytt eða komið fyrir í varanlegri geymslu.

Í stefnunni felst að:

Skjalastjórn VTÍ skal uppfylla þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til hennar.

Aðferðafræði skjalastjórnunar skal taka mið af kröfum alþjóðlega skjalastjórnunarstaðalsins ISO 15489 Upplýsinga og skjalfesting - skjalastjórn.

Skjöl VTÍ skal stofna, meðhöndla, vista og farga samkvæmt verklagsreglum og vinnulýsingum VTÍ.

Fyllsta trúnaðar skal gætt í málefnum tjónþola og upplýsingagjöf skal vera eftir skrásettum verklagsreglum og vinnulýsingum VTÍ.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á skjölum VTÍ.

Gæðafulltrúi ber ábyrgð á aðferðafræði skjalastjórnunar, innleiðingu skjalastefnu, sem og endurskoðun verklagsreglna og vinnulýsinga skjalastjórnunar.

Starfsmönnum VTÍ ber að fylgja skjalastefnunni.

Reykjavík, 21. maí 2015.

Stjórn VTÍ hefur samþykkt þessa stefnu og styður við framkvæmd hennar.

Stefna þessi var fyrst útgefin í október 2011